

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka IV A við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskránnr.</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
			<i>kg</i>	<i>%</i>	<i>kr./kg</i>
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01.-31.12.09	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01.-31.12.09	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	01.01.-31.12.09	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01.-31.12.09	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafreiðslu lokið innan tímabils.

## 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2009.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. nóvember 2008.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*